

Ársskýrsla forstöðumanns Þrykkjunnar 2019-2020

Undirritaður hóf störf sem forstöðumaður í félagsmiðstöðinni 19. ágúst 2019. Starfið hófst á því að yfirfara allt, laga það sem þurfti að laga, kaupa inn nýja leiki o.fl. og gera klárt í félagsmiðstöðinni. Þann 29.ágúst fór ég ásamt Tessu sem var leiðbeinandi í skólana þar sem við kynntum okkur og báðum um skráningar í Þrykkjuráð. Félagsmiðstöðin fór í gang 30.ágúst. Starfseminni var skipt í tvennt, tvisvar sinnum í viku fyrir 5. -7. bekk frá klukkan 16:00 – 18:00 og svo þrjú kvöld í viku fyrir 8. – 10. bekk. Börnin í 5. -7.bekk voru á þriðjudögum og fimmtudögum og krakkarnir í 8. - 10.bekk voru á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Eldri ungmenni fengu einnig að nota húsnæðið Ungmennahús en þau fengu tíma á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 20:00 – 23:30. Voru þau mjög virk að nota það undir ýmiskonar verkefni og afþreyingu fyrstu mánuðina.

Þrykkjuráðið fundaði flest alla föstudaga klukkan 15:15. Þar komu krakkarnir með hugmyndir fyrir hvern mánuð hvað þau vildu fá að gera. Einnig voru þau fengin í að hjálpa með stærri viðburði eins og söngkeppnina og draugahúsið sem dæmi.

DAGSKRÁ ÞRYKKJUNNAR 2019-2020

6. september

Fyrsti fundur þrykkjuráðs. Svo var bíókvöld þar sem krakkarnir gátu tekið með sér snakk og gos.

11. – 13. september

Flaug til Reykjavíkur og keyrði þaðan til Varmalands og fór á aðalfund Samfés. Þar sem ég kynntist forstöðumönnum annara félagsmiðtöðva og fékk innsýn hvernig dagskráin ætti að vera.

13. september

Kom heim með flugi og fór beint í að halda borðtennismót. Fékk gefins gjafabréf frá Hafnarbúðinni sem var í vinning.

18. september

Fengum leyfi til þess að mála listaverk á einn vegg hjá okkur og það voru flestir sem tóku þátt í því. Þetta tók nokkra daga í undirbúning og framkvæmd og allir sem vildu tóku þátt enginn var tilneyddur.

27.september

Strákakvöld og Fifa 20 mót. Til að fá að taka þátt komu allir strákarnir með nammi sem sett var í pott sem verðlaun. Spilað var 2vs2 þangað til að kominn sigurvegari.

7.otkóber

Stelpukvöld sem var náttfata og kósý yfir mynd með helling af nammi.

14.október

Kveikt var á mynd sem þyrkkjuráðið valdi og krakkarnir komu með nammi og gos

25.október

Fengum Heppuskóla lánaðan og fórum í langan og skemmtileg feluleik. Einnig var í gangi mynd inni einni skólastofuni þar sem krakkarnir fóru eftir að það var búið að finna þau.

28.október

Þyrkkjuráðið fékk að velja eina „creepy“ mynd þar sem þau byrjuðu að undirbúa sig undir draugahúsið.

30.október

Draugahús, ég og mínir vinir eyddum hellings tíma í að búa til smá völundarhús og hræða krakkana. Alls mættu 72 krakkar af 84 sem voru skráðir í 8.- 10.bekk. Krakkarnir voru mjög hræddir þannig ég vill meina að þetta hafi heppnast ágætlega. (Var beðin um að hafa þetta aftur á næsta ári frá krökkunum)

6.nóvember

Spilakvöld, þar sem við spiluðum borðspil engar tölvur voru notaðar.

12.nóvember

Undankeppni fyrir USSS í Sindrabæ. Alls voru 6 atriði sem tóku þátt og komu rúmlega 50 manns til að koma horfa á. Var glæsilegt í alla staði.

14.nóvember

Bíókvöld krakkar mættu með sitt nammi og gos.

29.nóvember

Snjóboltastríð/Capture the flag í íþróttahúsinu. Alls mættu 43 krakkar, krakkarnir fengu mig til þess að spila í einu liðanna. Frábært

6.desember

Fórum á USSS sem var haldið á Selfossi. Voru 33 krakkar sem komu með ásamt mér Tessu og Guðbjörgu. Krakkarnir skemmtu sér vel og við líka þó ekkert hafi farið samkvæmt áætlun.

11.desember

Molagerð, þar sem Helgi Sæmundsson kom og kenndi okkur að gera ýmisskonar mola.

13.desember

Settum upp jólaskraut og spiluðum jólamynd.

20.desember

Sundstuð seinasti viðburðurinn fyrir jólafrí. Þar sem við spiluðum allskonar leiki og vorum með búningarkeppni, var allt rosalega gaman þangað til mér var hent í laugina!

15.janúar

Borðtennismót. 26 keppendur virkaði allt mjög vel og allir náðu að minnsta kosti að spila 2 leiki.

24.janúar

Horfðum á góða mynd og hakkað var í sig sælgæti.

31.janúar

Poolmót þar sem krakkarnir kepptu í tveggjamanna liðum.

7.febrúar

Minute to win it. Keppt var í fjórum mismunandi leikjum einn úr hverju liði (4 saman í liði). Frábær þátttaka og gríðarlega skemmtilegt.

14.febrúar

Áttu að vera leikir í Bárunni en þar sem var frí í skólanum var lítil sem engin mæting.

19.febrúar

Spilakvöld setið við öll borð og allskyns borðspil spiluð

24.febrúar

Poolmót, 2 saman í liði.

4.mars

Fifa mót 2v2. Spilað var með random reglunni þar sem enginn valdi sér lið en þar sem tölvan valdi lið fyrir krakkana.

Covid.....

Covid kom og rústaði öllu fyrir okkur. Krakkarnir mjög sárir yfir því að ekki væri hægt að koma í Þrykkjuna og vera með vinum sínum. Starfsmenn heldur ekki sáttir að geta ekki verið með krökkunum. Kynnti mér rafræna félagsmiðstöð til að reyna að fá krakkana til að gera eitthvað en það náði ekki til þeirra. Þau vildu frekar vera saman að gera eitthvað en ekki hvert í sínu lagi við tölvur. Reyndi svo að léttu aðeins undir og vera með smá kubbmót fyrir hvern bekk fyrir sig. Prófaði með 8.bekkinn en þar sem var ekki hægt að halda tveggja metra reglunni þurftum við að slúttu þeirri hugmynd. Þannig maður sat heima hjá sér aðgerðarlaus og vonaðist til að það mætti opna sem fyrst og hugleiddi ýmsar hugmyndir sem hægt væri að gera þegar við mættum opna aftur. Var í góðu sambandi við krakkana í Þrykkjuráði sem komu einnig fram með sínar óskir varðandi viðburði þegar við kæmum saman aftur.

8.maí

Jibbý grillveisla! Hellingur af pulsum voru grillaðar og krakkarnir átu eins og þau gátu í sig látið og fengu Svala til að skola pulsunum niður.

18.maí

Þrykkjuquiz/spurningakeppni. Spurningarnar voru aðallega um kvikmyndir, tónlist og íþróttir frá mínum tíma (er svo gamall ☺) þannig það var aðeins erfiðara fyrir þau. Einnig voru tvær bónus spurningar sem voru algjörlega úti hött.

Seinni hluti maí til loka maí.

Lítill virkni í félagsmiðstöðinni. Krakkarnir út um allar trissur með skólanum. Var samt með opið.

Sú nýbreytni á sér stað að opið er í sumar. Þrjú kvöld í viku, og hefur það farið ágætlega af stað. Krakkarnir koma í mis stórum hópum og reka nefið inn og staldra mismunandi lengi á staðnum. Það fer allt eftir vindi og veðráttu hve margir mæta. Samt nauðsynlegt að hafa opið þá munu þau hafa samastað til að hittast á fyrir utan sundlaugina vitanlega.

Lokaorð

Þessi tími sem ég var með krökkunum hefur verið mjög gefandi og alveg meiriháttar skemmtilegt að fá að kynnst öllum þessum krökkum og í reynd að fá að vera smá barn sjálfur. Í upphafi voru allir frekar feimnir við að kynna sig en eftir örfáa daga þekkti maður alla með nafni. Krakkarnir tóku mér upp til hópa mjög vel og voru oftast sátta með mig. Ég mun fara héðan reynslunni ríkari.

Öll raftæki virkuðu fint nema síminn var þínu leiðinlegur að koma sér í gang. Hljóðið í húsinu er frekar slæmt en einhvern veginn heyrir miklu hærra í öllu en það ætti að gera. Tók einnig eftir því þegar ég kom fyrst til starfa að það vantaði aðra skrúfuna í hurðahúninn á útihurðinni og það gerir það enn.

Hornafjörður 22.6.2020

Ingólfur Waage Jónsson

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar